184 13. des. — *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* spítalagjald af síld. — Í brjefi frá 26. oktbr. þ. á. hefir sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu skýrt frá því, að Norðmenn þeir, sem í sumar hafa veitt síld á Eyjafirði hafi þegar í stað saltað síldina niður í tunnur, og hafi í hverja tunnu farið um 2 skf. af salti, og verði þeir að sögn sinni að salta síldina upp aptur, áður en hún sje flutt á markaðinn, en við það muni hver tunna rýrna um þriðjung. Hefir sýslumaðurinn því gjört fyrirspurn um, hvort spítalagjaldið skuli reikna af hverri tunnu, eins og hún er útflutt hjeðan, eða hvort draga megi frá tunnutölunni $^1/_3$ fyrir uppfyllingu þeirri, er nauðsynleg er í tunnurnar, þegar nokkuð er liðið frá fyrstu niðursöltuninni.

Fyrir því skal yður, herra amtmaður, hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi sýslumanni, að tilskipunin um spítalagjald 12. febr. 1872 inniheldur ekki neina heimild til að draga frá nokkurn hluta af gjaldi því $^1/_2$ alin, sem ákveðið er fyrir hverja tunnu af saltaðri síld, og verður gjald þetta því að greiðast af hverri síldartunnu, eins og hún er útflutt hjeðan.

185 14. des.

Samþykkt

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar af opnum bátum og skipum í verstöðu Reyðarfjarðar samkvæmt lögum 14. desbr. 1877.

1. Frá byrjun maímán. til jóla má enginn leggja lóðir utar í sjó en að línu þeirri, er hjer greinir:
   b, fyrir Reyðarfirði úr Gerpistanga í Grœnunýpu, ekki utar en svo að Grœnanýpa losni fram undan Vattarnesfjalli.
2. Það skal ákveðið af sjö manna nefnd, hve margir bátar, miðað við línutölu á hverjum bát geti mest, að skaðlausu (þannig að ein lína þurfi ekki að vera lögð ofan í aðra), notað veiðistöðina, en veiðistöð Reyðarfjarðar nær frá ofanumgetinni linu inn að línu sem hugsast dregin frá Kolmúlaskaga í Litlu Breiðuvíkurfles. Nefnd þessi skal á sínum tíma kosin af sýslunefndinni og sjeu í henni: 3 menn úr Reyðarfirði, 2 úr Norðfirði og 2 úr Fáskrúðsfirði. Nefndarmenn þessir skulu áður vinna eið að því, að framkvæma þetta starf eptir beztu samvizku og hlutdrægnislaust; skal þeim veitt borgun úr sýslusjóði fyrir starfa sinn, eptir reikningi, sem sýslunefndin úrskurðar.
3. Forgangsrjett til að nota verstöðina hafa íbúar hlutaðeigandi fjarðar, sem gjöra nœgilega grein fyrir, að þeir á vertíðinni muni virkilega halda úti, þá aðrir sýslubúar með sama skilyrði, þá aðrir innlendir eins, og loks útlendir innanríkismenn.
4. Á hverju ári í marzmánaðarlok tilkynnir hreppsnefnd sýslumanni, hve margar línur (lína skoðast sem 3. stokka lína) innanhreppsmenn ætla að brúka í verstöð, ákveður svo sýslumaður samkvæmt annari gr., hverjir utanhreppsmenn megi einnig nota verstöðina, og tilkynnir það hlutaðeigandi hreppsnefnd jafnóðum. Engvir aðrir mega nota hlutaðeigandi verstöð, en þeir sem eru innanhreppsmenn eða hafa leyfi sýslumanns, skal öllum öðrum vísað burt; dugi það ekki, má gjöra upptœk veiðigögn þeirra fyrir sektum, sem þeir þannig eru ífallnir.
5. Enginn má afhöfða nje slœgja fisk á sjó úti, og ekki mega þilskip, sem liggja fyrir akkeri á fjörðum, en hafa báta úti til fiskjar, gjöra það nema á landi, ɔ: enginn má skilja við slóg neðar en fyrir ofan flóðmál. Komi bátur úr róðri með slœgðan fisk,